

Fornleifakönnun á framkvæmdasvæði fyrirhugaðs

Dettifossvegur:

Tóveggjarstekkur, Hræreksstaðir og Maríugerði



Lilja Björk Pálsdóttir

Ásamt Magnúsi Á. Sigurgeirssyni



FS400-08221

Reykjavík 2008

Forsíðumyndin:
Séð yfir Maríugerði í landi Meiðavalla

© *Fornleifastofnun Íslands*
Bárugötu 3
101 Reykjavík

Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is

Efnisyfirlit

Fornleifakönnun á framkvæmdasvæði fyrirhugaðs Dettifossvegar:	1
Formáli	4
Aðferðir	4
Niðurstöður.....	5
Tóveggjarstekkur (TVD).....	5
Hræreksstaðir (MVD)	10
(Maríugerði) (MVD)	16
Samantekt	31
Gjóskulagagreining	33
Inngangur	33
Niðurstöður athugana	34
Hræreksstaðir	34
Tóveggjarstekkur.....	34
Maríugerði.....	35
Niðurlag.....	37
Helstu heimildir.....	38



Séð eftir núverandi vegi yfir Maríugerði í landi Meiðavalla. Horft til suðurs.

Formáli

Dagana 29. maí – 11. júní 2008 fór fram fornleifarannsókn sem Fornleifastofnun Íslands framkvæmdi fyrir Vegagerðina í Kelduhverfi vegna fyrirhugaðra breytinga á Dettifossvegi. Grafnir voru alls 26 könnunarskurðir á þremur meintum fornþýlum; Hræreksstöðum og svokölluðu Maríugerði sem bæði eru í landi Meiðavalla og Tóveggjarstekk í landi Tóveggjar. Grafið var í þekkt mannvirki (garðlög) auk nokkurra skurða sem staðsettir voru þannig að nokkur vissa fengist um öll mannvirki í fyrirhugðu vegstæði. Einnig var snið hreinsað þar sem núverandi vegur hefur verið lagður gegnum mannvirki.

Aðferðir

Skammstöfunin MVD var notuð fyrir skurði í Meiðavallalandi en TVD fyrir Tóveggjarstekk. Byrjað var á Hræreksstöðum og þar grafnir 5 skurðir (MVD1-5). Næst voru grafnir 6 skurðir (TVD 1-6) á Tóveggjarstekk og að lokum 15 skurðir (MVD 6-20) í svokölluðu Maríugerði auk sniðs (MVD 21).


Grafið var í gegnum garðlögin og niður í óhreyfðan, náttúrulegan jarðveg og snið að lokum teiknuð. Í þeim skurðum þar sem bygging kom í ljós var einungis grafið niður að fornleifunum og þær svo skráðar í lárétta plani.

Magnús Á. Sigurgeirsson jarðfræðingur (hér eftir MÁS) kom á vettvang og skoðaði snið og tók sýni vegna gjóskuransókna. Greinargerð hans er meðfylgjandi aftast í skýrslunni. Í henni eru einnig almennar upplýsingar um gjóskulög á svæðinu og skammstafanir á þeim sem koma víða fyrir í uppgrafterlýsingum hér á eftir.

Niðurstöður

Tóveggjarstekkur (TVD)


Í Tóveggjarstekk var einungis grafið í gegnum garðlög, enda engar greinilegar byggingar á framkvæmdasvæði. Garðlög var að finna í skurðum TVD 1 og 3 og í skurði TVD 4 voru ógreinileg merki um garðlag. Í skurðum TVD 2 og 5 var hinsvegar engar mannvistarleifar að finna. Skurður TVD 6 var grafinn í gegnum gamla reiðleið en engin merki önnur um



mannvist komu fram í skurðinum.

Þrátt fyrir nokkra rofbletti er mikill gróður á svæðinu og var sumsstaðar að sjá þónokkrar skemmdir af völdum róta víði- og einiplantna þegar rist hafði verið ofan af skurðunum, enda grafa rætur sig gegnum veggheðslur og umbylta þeim smám saman.

Skurður 1




Báðar Heklugjósurnar forsögulegu H-3 og H-4 eru vel sjáanlegar í sniðinu. Báðar hafa verið skornar þegar torf var rist til að nota í vegginn, en í honum eru gjóskulög úr fyrrnefndum Heklugosum auk landnámsgjósku. Hrun úr torfveggnum er báðum megin við vegginn en hrunið er einnig blandað fokmold. Ofan á hruninu er þykkt gjóskulag (V-1477) sem innsiglar fornleifarnar. Að lokum er svo álíka þykkt yfirborðslag.




Mynd 1 Skurður 1

Skurður 2



Í skurði 2 var engu mannvist að finna þrátt fyrir þústir á yfirborði. Þar er að sjá Heklugjóskurnar H-3 og H-4 en ofan á þeim er óhreyfður rauðleitur jarðvegur. Dökk gjóska sem líklega er V-1477 liggur þar næst yfir.

Skurður 3



Í þessum skurði er að finna framhald garðlags sem sást í skurði 1. Neðst í skurðinum eru H-4 og H-3 og þar ofan á liggur óhreyfður rauðleitur jarðvegur. Landnámsgjóskuna er að finna næst undir veggnum in situ en einnig í torfhleðslunni í veggnum sjálfum. Stór hluti í miðjum torfveggnum var frosinn þegar rannsóknin fór fram en það kom ekki að sök við greiningar á gjósku í honum. Torfhrun er báðum megin við vegginn og þykkt lag áfoks þar ofan á.

Gjóskurnar H-1300 og V-1477


liggja svo yfir veggnum.

Grasrætur/yfirborðslagið er þykkt en í því má greina gjóskulag sem MÁS greindi sem V-1717.




Mynd 2 Skurður 3

Skurður 4



Í þessum skurði var talið líklegt að finna framhald af garðlaginu sem sást í skurðum 1 og 3. Svo reyndist ekki vera og var engu mannvist að sjá í sniði. Hins vegar hefur jarðvegurinn verið á mikilli hreyfingu vegna frostverkunar og má einnig ætla að vindrof hafi átt sér stað.

Skurður 5




Þessum skurði var einnig fundinn staður, líkt og skurði 4, þar sem líkur voru taldar á að finna framhald garðlagsins úr skurðum 1 og 3. Hér var ekki heldur neina mannvist að finna og hefur samspil frostverkunar og rofs eflaust valdið því að yfirborð hefur risið.



Mynd 3 Í skurði 5 sjást áhrif frosts á jarðveg.

Skurður 6



Í skurði 6 var að finna gamla reiðleið. Óhreyfður jarðvegur er neðst í sniði en einnig er gjóskurnar H-3, H-4 og V-1477 að finna í sniðinu.




Mynd 4 Þversnið reiðleiðar. Leiðin liggur meðfram nyrðra garðlaginu og stefnir svo til norðvesturs frá Tóveggjarstekk.

Hræreksstaðir (MVD)



Á Hræreksstöðum var einnig grafið í gegnum garðlög en einum skurði var valinn staður þar sem líkur voru taldar á mannvistarleifum. Á Hræreksstöðum eru tveir garðar utanum túnið og var talið hugsanlegt að þeir væru ekki jafn gamlir. Því var ákveðið að grafa profuskurði í garðana en vegurinn liggur nú gegnum þá. Í skurðum MVD 1,2,4 og 5 sáust garðarnir og kom í ljós að þeir eru því sem næst samtíða; báðir hlaðnir úr streng með landnámsgjósku í torfi og báðir liggja á örþunnu lagi af landnámsgjósku. Þónokkurt vindrof er í garðlögum í dag en greinilegt er að mikið rof hefur einnig átt sér stað fyrir á öldum, sem sést í sniðunum og liggur Heklugjóska frá því um 1300 yfir rofið þar sem hana er að finna. Í skurði 3 var ekkert mannvirki að sjá, en hinsvegar eru merki um mannvist, þ.e. lag með viðarkoladreif og örlitlum móöskuflekkjum.

Skurður 1




Mannvirkið sem sést í þessum skurði er það eina sem fannst vorið 2008 sem hefur verið grjóthlaðið að einhverju leyti. Hugsanlega hefur grjótið verið notað til að styrkja vegginn, en hann stendur á barmi brattrar brúnar til vesturs. Um er að ræða ytra garðlag um tún. Neðst í sniði er óhreyfður rauðleitur jarðvegur auk H-3 og H-4. Stungið hefur verið í gegnum þau vestan megin við vegginn við torftökuna. Annar niðurgroftur er austanmegin við vegginn, en hann er óverulegur og gæti þessvegna verið um holu eftir stein að ræða. Landnámsgjóskan hefur varðveist undir garðinum en hana er einnig að finna í torfinu. V-1477 liggur yfir veggnum og örliðu ofar V-1717. Þá er þykkt grasrótarlagað efst.



Mynd 5 Skurður 1

Skurður 2




Skurður 2 var grafinn í gegnum innra garðlagið. Í ljós kom siginn veggur, hlaðinn með streng eins og ytri garðurinn. Mikið rof er sýnilegt, sérstaklega austanmegin. Því má draga í efa að pæla sé þeim megin því einnig getur verið að um vindrof sé að ræða.

Neðst í sniði er óhreyfður rauðleitur jarðvegur. Hann hefur verið stunginn upp (möguleg pæla) eða rofnað vegna vinds austan megin. Í veggnum er að finna H-3 ásamt landnámslaginu. Yfir veggnum og rofinu liggur svo H-1300 en efst er grasrótarlág.



Mynd 6 Rofabörð sjást báðum megin við torfhleðsluna sem einsleitur jarðvegur.

Skurður 3




Talið var vænlegt að setja einn skurð innan túns og er því skurður 3 innan marka innri garðs. Engin mannvirki komu í ljós en merki um mannvist sáust hinsvegar. Neðst í sniði er rauðleitur óhreyfður jarðvegur en ofan á honum er nokkuð þykkt rauðleitt lag með viðarkoladreif.

Mynd 7 Áður en torfið var rist af.



Mynd 8
Skurður 3

Skurður 4




Skurður 4 liggur, eins og skurður 2, í gegnum innra garðlagið. Greinilegt er að mikið rof hefur átt sér stað því mikið rofsár sést austan megin í veggnum. Neðst er rauðleitur óhreyfður jarðvegur og þar fyrir ofan H-3. Landnámslagið hefur varðveist undir veggnum en það er einnig að finna í torfinu. Mikil hrun- og áfokslög eru austanmegin í sniði en yfir þeim og torfveggnum liggur H-1300. Misþykkt grasrótarlág innsigliar svo allt saman.



Mynd 9 Skurður 4

Skurður 5



Þetta er sama garðlag og er í skurði 1, þ.e. ytri garðurinn. Slétt er undir veggnum og neðst í sniði er rauðleitur, óhreyfður jarðvegur. Hann nær rétt undan veggnum að austan og er



hugsanlegt að annaðhvort hafi verið stungið þar fyrir torfi eða að um rof sé að ræða. Torfhrun er báðum megin við vegg en það er blandað fokmold. Þá hefur fokið vel yfir garðinn eftir að hann var í notkun en V-1477 liggur yfir áfokslagi sem innsiglar fornleifarnar. Grasrót er svo efst í sniði.

Mynd 10 Skurður 5

(Maríugerði) (MVD)


Þetta er meint fornbylí í landi Meiðavalla sem lítið er vitað um annað en að þarna eru fornlegar rústir og garðlög. Heitið Maríugerði er nýlegt en notað sem vinnuheiti fyrir þetta býli.

Í Maríugerði voru grafnir 16 skurðir. Bæði var þeim fundinn staður þar sem greinileg garðlög sáust á yfirborði en einnig þar sem ætla mátti að garðlag væri. Þá voru nokkrir skurðir grafnir í gegnum þústir sem líklegt þótti að væru af mannavöldum. Svæðið er gróðri vaxið, stórþýft og sprungið og því líkur á að mannvirki leynist undir þéttum gróðrinum.

Í skurðum MVD 6, 7, 8, 11, 12, 14, 16, 20, var að finna garðlög. Öll voru þau mjög sigin og sum vart greinanleg. Allir garðarnir voru hlaðnir úr streng. Í

nokkrum skurðanna komu í ljós byggingar. Þetta eru skurðirnir MVD 15,17 og 21. Snið 21 er í raun ekki skurður heldur rof í vegkanti sem var hreinsað og teiknað.

Engin merki um mannvist var að finna í skurðum 9, 10, 18, 19.




Skurðir 6, 7 og 8



Mynd 11 Í forgrunni sést í skurði 6,7 og 8 frá hægri talið. Fyrir miðri mynd sést í skurð 9.

Skurðir 6, 7 og 8 liggja í gegnum sama garðlagið. Sniðin eru því í meginatriðum eins. Þó er dálítill munur á torfinu sem ræðst væntanlega af þykkt jarðvegs þar sem torfið var stungið. Þannig er meira af landnámsgjósku í torfi sniða 7 og 8 en það er varla greinanlegt í skurði 6 þar sem meira er af H-3 í torfi.


Neðst í sniðunum eru H-3 og H-4. Yfir þeim og á milli er rauðleitur óhreyfður jarðvegur. Landnámsgjóskan hefur varðveist in situ undir veggjunum, en hún er þó sýnu ógreinilegri í sniði 6. Torf hefur verið stungið öðrum megin við veggina og er pælan vel sýnileg í öllum sniðunum þremur. Stungið hefur verið niður í landnámsgjóskuna og H-3. Þá er torfhrun blandað fokmold við veggina. Gjóska frá Heklugosinu um 1300 er yfir veggjunum, en hún er þunn. Meira ber á V-1477 sem liggur yfir öllu og er undir grasrót.




Mynd 12 Snið 6. Eins og sést er mikið af H-3 í torfinu. Landnámsgjóskan sést einnig undir torfinu sem dökkar rákir. Vinstra megin á mynd sést hvar hún hefur verið stungin upp.



Mynd 13 Snið 7. Hér sést meira af landnámsgjóskunni í torfinu. Einnig er skýrt hvernig H-3 hefur verið stungin upp vinstra megin á mynd. V-1477 liggur greinileg yfir öllu.






Myndir 14 og 15 Snið 8.


Landnámsgjóskan í torfi. Athugun MÁŠ leiddi í ljós að þunnt mannvistarlag er undir veggnum.

Skurður 9



Þessum skurði var valinn staður þar sem líkur voru taldar á að mannvirki leyndist. Þústirnar reyndust þúfur og var engi mannvist að greina í sniðum.

Skurður 10



Sama var uppi á teningnum með þennan skurð. Hann reyndist fela í sér náttúrulegar jarðmyndanir m.a. af völdum frosts.

Núverandi vegur er ekki langt frá og er mögulegt að þústirnar tengist lagningu hans.




Mynd 16 Áður en hafist var handa



Mynd 17 Frostverkun

Skurður 11




Skurður 11 var grafinn í gegnum garðlag vestan megin við núverandi veg. Þessi garður er innri garður tvöfalda garðakerfis sem liggur umhverfis túnið. Hann liggur svo áfram vestur að sprungu sem virðist afmarka túnið vestan megin.

Neðst í sniði er rauðleitur, óhreyfður jarðvegur en þar ofan á er H-4. Á milli H-4 og H-3 er rauðleitur jarðvegur en hann er einnig ofan á H-3. Veggurinn er byggður á þessu rauðleita lagi. Í torfinu má sjá landnámsgjósku og H-3 en veggurinn er mjög ógreinilegur. Stungið hefur verið niður fyrir H-4 við torfristuna. Torfhrun og fokmold er austan megin við vegginn en V-1477 liggur yfir öllu í sniði. Grasrót er efst og er fremur þykk.



Mynd 18 Skurður 11. Veggurinn er nánast ógreinanlegur.

Skurður 12




Skurður 12 liggur í gegnum sama garð og skurður 11 nema hann er austan megin vegar. Veggurinn er mun greinilegri í þessu sniði. Landnámsgjóska er undir veggnum og í torfi. Neðst í sniði er rauðleitur, óhreyfður jarðvegur en ofan á honum er H-4. Því næst kemur rauðleitur jarðvegur sem er undir H-3. Landnámsgjóska er undir veggnum en beggja vegna hans er torfhrun og fokmold. Stungið hefur verið niður í H-3 við torfristuna norðan megin veggjar. V-1477 liggur yfir veggnum en hugsanlegt er að V-1410 sé á milli (sjá greinargerð MÁŠ). Grasrót nokkuð þykk yfir.



Mynd 19 Torfveggur í skurði 12.

Skurður 13




Mynd 20 Áður en hafist var handa

Skurður 13 var grafinn í gegnum meint garðlag. Í ljós kom að um náttúrulega jarðmyndun var að ræða þar sem samverkandi áhrif frosts og jarðvegssig vegna nærliggjandi sprungu gerðu það að verkum að á yfirborði lítur út sem um manngerðan garð sé að ræða.



Mynd 21 Ekkert manngert var að sjá í sniði 13.

Skurður 14



Skurður 14 var grafinn gegnum sama meinta garðlag og skurður 13. Var tilgangurinn sá að staðfesta það sem skurður 13 sýndi, þar sem garðlagið meinta var greinilegt bæði af loftmyndum og á jörðu niðri. Í skurði 14 sáust mjög óljós merki um torfhleðslu. Eftir skoðun MÁS á sniðinu sem snéri í vestur fannst honum ólíklegt að um mannvirki væri að ræða. Hinsvegar taldi hann ekki hægt að útiloka að garðlag væri að sjá í suður sniðinu. Sá garður er hinsvegar utan áhrifasvæðis veglagningarinnar svo ekki þótti ástæða til að grafa annan skurð sunnar til að fá staðfestingu á að um mannvirki væri að ræða.

Mynd 22 Áður en byrjað var að grafa.


Horft suður eftir mögulegu garðlagi. Í efra hægra horni er skurður 13.



Mynd 23 Skurður 14 fullgraffinn.



Skurðir 15 og 17

Fyrir miðju nýju vegstæði kom í ljós áður óþekkt bygging sem liggur N-S. Hún er um 17 metra löng og um 10 metra breið. Byrjað var að grafa skurð 15 í austurhlið hennar til að




kanna hvort í raun væru um mannvirki að ræða. Í ljós kom torfhleðsla með landnámsgjósku. Hæð hennar er 35 sentimetrar og breidd 130 sentimetrar. Einungis var grafið niður að fornleifunum en þunnt gólf lag liggur upp á hleðslunni að innanverðu. Allt að 6 sentímetra þykkt lag af

viðarkolum er undir veggnum sem er hlaðinn úr streng. Skurður 17 var grafinn við suðurenda byggingarinnar þar sem talið var að möguleg viðbygging eða aukarými væri. Í ljós kom torfhleðsla, torfhrun og gólf lag. Þar sem mikill gróður er á svæðinu og því hætta á skemmdum af völdum róta var ákveðið að grafa ekki burt torfhrunið í heild sinni, heldur einungis á litlum bletti upp við torfhleðsluna svo greina mætti hvort gólfið tilheyrði þessum vegg. Svo reyndist vera.



Mynd 24 Austurveggur byggingarinnar í skurði 15. Horft til austurs.

Skurður 16




Skurður 16 liggur í gegnum garðlag sem liggur frá innri túngarði til vesturs að veginum sem sker hann. Skurðurinn var tekinn hinum megin vegar og kom í ljós torfveggur með H-3. Neðst í sniði er rauðleitur óhreyfður jarðvegur og því næst H-4 og H-3 með rauðleitum jarðvegi á milli. Möguleg pæla er vestan megin við vegg. Veggurinn virðist liggja á ógreinilegri landnámsgjösku. Torfhrun er beggja vegna veggjarins en fokmold liggur beint yfir veggnum og hruni. Þykkt lag af V-1477 innsigliar svo allt saman en þó eru líkur á að H-1300 sé einnig yfir samkvæmt athugun MÁS. Grasrótin er þykk hér sem annarsstaðar á svæðinu.



Mynd 25 Hluti af skurði 16.

Skurður 18




Skurður 18 var grafinn í gegnum það sem talið var garðlag, hluta af ytra garðlaginu. Mjög stórbýft er á þessu svæði og mikill gróður. Reyndist upphækkunin stafa af frostverkun en ekkert manngert fannst. Neðst í sniði er þykkt rauðleitt jarðlag en ofan á því liggja gjóskubönd H-4 og H-3.

Þá er mikill stafli jarðvegs sem hefur orðið fyrir frostverkun. Dökkgrá gjóska liggur beint þar yfir og er sennilega um að ræða V-1477. Grasrót er svo efst.



Mynd 26 Snið 18 sem sýnir frostverkun.

Skurður 19




Í skurði 19 var það einnig frostlyfting sem olli upphækkun á yfirborði. MÁŠ skoðaði sniðið og telur að frostverkun hafi hjálpað til við að fella rofabarð og þannig myndast þúfan og mynstrið sem sést í sniðinu.



Mynd 27 Snið 19 í meint garðlag en reyndist vera frostverkun.

Skurður 20




Í þessu sniði var að finna torfhleðslu sem er framhald ytri túngarðsins. Talið var að um tvöfaldan garð væri að ræða en sá syðri reyndist vera frostverkun. Neðst í sniðinu eru blönduð H-4 og rauðleitur jarðvegur. Þar ofan á er einsleitur rauður jarðvegur sem er undir H-3. H-3 hefur einungis varðveist undir torfinu. Ekki er greinlegt torfhrun að sjá en fokmold er þónokkur auk þess sem rofabarð sést norðan megin í hleðslunni. Yfir torfinu og frostverkuninni í suðurhluta skurðarins liggur V-1477 og svo þar yfir ratarlag.



Mynd 28 Torfhleðsla fremst en frostverkun er ofar á mynd.

Skurður 21



Ekki var um skurð að ræða heldur hreinsun á rofsári í vegkanti. Talið var líklegt að finna mannvirki á þessum stað og

því var það hreinsað upp og teiknað. Í ljós kom áður óþekkt mannvirki og svo virðist sem gólfög sé að finna sunnan megin við torfhleðsluna. Það virðist því sem um leifar byggingar sé að ræða en stærstur hluti hennar hefur horfið þegar núverandi vegur var lagður. Í torfi má sjá landnámsgjósku. Neðst í sniði er H-3 en ofan á henni er þunnt bleikt mannvistarlag. Veggurinn liggur þar beint ofan á en hugsanlegur niðurgröftur er sunnanmegin og uppvið torfið og sker hann mannvistarlagið. Gólfögin liggja svo ofan á þessum niðurgreftri og upp að torfinu. Torfhrun er beggja vegna við vegginn sem er svo innsiglaður með V-1477. Í grasrót eru mjög óljósar leifar torfs og gjósku en það getur þó einnig verið áfok.



Mynd 29 Snið 21. Horn byggingarinnar sést hér þar sem veggurinn gengur út til vinstri á mynd.

Samantekt

Svo virðist sem minjarnar á býlunum þremur séu frá svipuðum tíma, þ.e. að þau séu reist fyrir 11. öld. Garðlög eru mjög sigrin og víða ógreinileg á yfirborði og hafa sömu einkenni. Engir gripir fundust í könnunarskurðunum sem gætu sagt til um aldur en útlit minjanna bendir til að þær séu gamlar. Aldursgreiningin er byggð á gjóskulagagreiningu (sjá meðfylgjandi greinargerð Magnúsar Á. Sigurgeirssonar).



Mynd 30 Bygging í vegstæði og veggur hennar í skurði MVD-15. Horft til suðvesturs.

Auk garðlaganna sem lenda í fyrirhuguðu vegstæði komu einnig í ljós áður óþekkt mannvirki í Maríugerði. Þau sást í skurðum MVD 15 og 17 og sniðteikningu MVD 21.

Í skurðum MVD 15 og MVD 17 var að finna byggingu sem er norðvestan megin við bæjarstæðið. Hún liggur norðaustur-suðurvestur og er um 20 metrar á lengd og um 7 metrar á breidd og virðist hafa viðbyggingu á suðurenda. Þá virðist sem byggingin sé niðurgrafin að hluta því tóftin er sjálf þónokkuð djúp að innanverðu þrátt fyrir að veggirnir séu mjög signir og rísi vart upp úr umhverfinu. Hún er fyrir miðju fyrirhuguðu vegstæði og hefur Fornleifavernd ríkisins ákveðið að bygginguna þurfi að rannsaka í heild sinni áður en til vegframkvæmda kemur.

Veghefill fór nokkrum sinnum um veginn á meðan á rannsókn stóð og opnuðust við það rofsár í kantana. Snið (MVD-21) var hreinsað í eitt slíkt þar sem líkur voru taldar á mannvirki og komu þar í ljós mannvistarlög og garðlag/veggur. Er þetta túlkað sem leifar af áður óþekktri byggingu sem hefur verið mikið skert þegar núverandi vegur var lagður og virðist ekki vera nema lítið horn eftir af henni. Þetta mannvirki er í mikilli hættu vegna núverandi vegstæðis og hefur Fornleifavernd ríkisins úrskurðað að það þurfi að rannsaka í heild sinni áður en til frekari vegframkvæmda kemur.



Mynd 31 Horft norðaustur yfir Maríugerði.

Fornleifarannsókn í Kelduhverfi, við Dettifossveg

Gjóskulagagreining

Magnús Á. Sigurgeirsson, jarðfræðingur

Netföng: magnus.a.sigurgeirsson@isor.is / masig@mmedia.is

Inngangur

Farin var vettvangsferð þann 11. júní 2008. Skoðuð voru alls 15 snið/skurðir á þremur stöðum við Dettifossveg, við Hræksstaði (2), Tóveggjarstekk (1) og svonefnt Maríugerði (12). Tvö snið voru mæld og teiknuð, í skurðum nr. 4 og 17. Sýni voru tekin úr gjóskulögum sem ástæða þótti til að skoða nánar.

Fremur litlar gjóskulagarannsóknir hafa farið fram í Kelduhverfi. Talsverðar upplýsingar eru hins vegar fyrirbyggjandi um gjóskulög í Mývatnssveit og nágrenni. Hafa gjóskulög um langt árabíli verið notuð við aldursákvarðanir fornminja á þeim slóðum. Þau gjóskulög sem best hafa nýst í þeim tilgangi eru, Landnámslagið (LNL) frá því um 870, V~950, H-1158, K-1262, H-1300, V-1410, V-1477 ("a"-lagið) og V-1717. Í Mývatnssveit er svokölluð Landnámssyrpa (LNS) skýr í jarðvegi en í henni koma fyrir allt að 6 dökk gjóskulög með stuttu millibili.

Yngsta lagið í LNS er V~950. Þykkt LNS er á bilinu 6-10 cm. Fyrri athuganir höfundar á Tjörnesi og í austanverðu Kelduhverfi benda til að flest þessara laga finnist þar. Lög LNS eru áberandi þynnri þar en í Mývatnssveit og sjást yfirleitt ekki fleiri en þrjú. Einnig er H-1158 vandfundið í Kelduhverfi. Auk ofangreindra laga má nefna ljósu gjóskulögin frá Heklu, Hekla-3 (~2900 BP) og Hekla-4 (~4500 BP) sem eru áberandi í jarðvegi á norðausturlandi. Algengt er að sjá slitur af þessum lögum í fyllingum og torfi garðlaga.

Niðurstöður athugana

Í eftirfarandi umfjöllun eru staðir/skurðir taldir upp í þeirri röð sem þeir voru skoðaðir. Lýst er afstöðu gjóskulaga til mannvistarleifa og greint frá niðurstöðum smásjárskoðunar á gjóskusýnum.

Hræreksstaðir

Skurður #4 (garðlag)

Landnámssyrpan er in situ undir garðinum með a.m.k. þremur gjóskulögum, eitt svart lag er mest áberandi. Torf leggst því sem næst beint ofan á LNS. Landnámssyrpan er í torfinu ásamt gjóskulaginu H-3. Rof er í garðinum austanmegin. Sýni var tekið úr meintu H-1300 sem liggur yfir torfinu. Skoðun á sýninu staðfestir að um H-1300 er að ræða. Snið var teiknað frá norðurprófil skurðs, ~0,2 m frá vesturenda hans (mynd 1).

Skurður #1 (garðlag)

Gjóskulögin V-1477 og V-1717 liggja yfir garðinn. LNS er in situ undir garðinum og torf þar næst ofan á. V-1717 er upp undir grasrót, ~10 cm frá yfirborði og V-1477 er 17 cm frá yfirborði. Sýni var tekið úr hugsanlegu H-1300 í suðurprófil, en smásjárskoðun leiðir í ljós að ekki er um það lag að ræða.

Tóveggjarstekkur

Skurður #3 (garðlag)

Torfhleðslan liggur ofan á LNS, þar á milli er 1-2 cm jarðvegur. Á milli strengja í garðinum er 1-3 cm af rauðbrúnni mold. Gjóskulögin V-1717 og V-1477 liggja yfir torfi. Sýni var tekið úr meintu H-1300 yfir garðinum sunnan megin. Skoðun á sýninu staðfestir að um H-1300 er að ræða. Stungið/grafið hefur verið beggja vegna garðsins, en þar vantar LNS. Garðurinn hefur verið löngu hruninn/aflagður þegar H-1300 féll, til þess bendir mikið torfhrun.

Mariugerði

Skurður #19 (garðlag ?)

Miklar frosthreyfingar hafa verið í jarðveginum á þessum stað. Gjóskulögin H-3 og H-4 hafa snúist á hvolf. Ekkert torf er greinanlegt með vissu og er hér varla um mannvirki að ræða, sennilega stóra þúfu sem fallið hefur um sjálfa sig til austurs. Gjóskulagið V-1477 liggur heilt yfir þúfunu og skafl af því er austan megin við hana.

Skurður #20 (garðlag)

Torfhleðsla með LNS (óskýrt) er norðanmegin í skurðinum. Landnámssyrpan er ekki sjáanleg in situ. V-1477 liggur yfir garðinn. Rofabarð frá því fyrir 1477 er norðan megin í garðinum. Torfhleðslan er allt að 40 cm þykk.

Skurður #21, í vegkanti

Mjög útflattur garður. Þunnt mannvistarlag er undir honum. Í torfinu er LNS (óljós) og H-3.

Skurður #6 (garðlag)

Skammt frá bæjarhól, um 2 m frá vegi. Torfhleðsla liggur ofan á H-3 og LNS (óljós). LNS er óskýr í torfinu, mest er af H-3 og H-4. Hekla-3 er skorið sunnan megin. Gjóskulagið V-1477 liggur yfir garðinn og hugsanlega er H-1300 á einum stað (sýni). Skoðun á sýni staðfestir að um H-1300 er að ræða.

Skurður #8 (skurður #6 er í sama garði, ~25 m á milli)

Landnámssyrpan er in situ undir garðinum, skorin. Tvö dökk góskulög eru greinanleg í LNS. Örþunnt mannvistarlag er á milli LNS og neðsta torfsins. Nokkur lög af LNS eru í garðinum, lítið af H-3. V-1477 liggur um 4 cm yfir garðinn. Sýni var tekið úr þunnu gjóskulagi um 2 cm undir V-1477. Skoðun á sýni staðfestir að um H-1300 er að ræða.

Skurður #17 (viðbygging við hús, í vegi)

Á 65 cm dýpi eru skörp skil á milli mannvistarlaga og steríllar moldar, H-3 er 2-3 cm neðar (mynd 1). Sýni tekið úr hugsanlegu H-1300. Skoðun á sýni staðfestir að um H-1300 er að ræða.

Skurður #15 (bygging við veg)

V-1477 og H-1300 liggja yfir torfvegg.

Skurður #16 (garðlag við veg)

Torf með H-3 er áberandi. Landnámssyrpan er óljós, en vottur af henni er undir torfi. Yfir garði er V-1477 og sennilega H-1300.

Skurður #11 (garðlag 4 m frá vegi)


Torf með LNS, en einnig dálítlu af H-3. Stungið hefur verið í gegnum H-3 undir miðjum garðinum. LNS ekki sjáanleg in situ. V-1477 er in situ yfir garði, önnur gjóskulög ekki sjáanleg. Betra snið er í skurði nr. 12 sem er í sama garð, hinum megin við veginn.

Skurður #12 (garðlag austan við veg)

Landnámssyrpan er in situ undir torfi að hluta, á 80 cm kafla. Torf er með LNS og H-3. Yfir garðinum er V-1477 og eitt annað lag ~ 1,5 cm neðar (sýni tekið). Samkvæmt smásjárskoðun á sýninu er ekki um H-1300 að ræða. Mögulegt er að þarna sé gjóskulagið V-1410. Þrjú dökk gjóskulög eru greinanleg í LNS, grátt-grátt-grágrænt (efst). Um 1 cm ofan við LNS tekur við torf. LNS er skorin beggja vegna garðsins.

Skurður #14 (garðlag ?)

Erfitt er að greina torf í þessum skurði, varla um garðlag að ræða. Frosthreyfingar eru á H-3. Sprunga liggur við skurðinn sem veldur því að þarna virðist vera garðlag.



Mynd 1. Jarðvegssnið frá Hræksstöðum og Maríugerði, Kelduhverfi.

Niðurlag

Mannvirki eru á öllum þremur stöðunum frá því fyrir 1300. Út frá afstöðu LNS (þar sem hún er varðveitt in situ) til neðsta torfs í gördunum verður að telja ólíklegt að þeir séu byggðir síðar en á 11. öld. Stutt er í öllum tilvikum frá efri mörkum LNS upp í torfið fyrir ofan, yfirleitt innan við 1 cm. Landnámssyrpan hefur því verið nærri yfirborði þegar torfið (strengurinn) var skorið. Einnig má benda á að langvarandi torfhrun hefur átt sér stað áður en gjóskulögin H-1300 og V-1477 féllu, sem bendir til hás aldurs mannvirkjana.

Á tveimur stöðum er þunnt mannvistarlag á milli LNS og torfs (skurðir nr. 21 og 8) sem bendir til mannvistar áður en viðkomandi garðar voru hlaðnir.

Ekki fannst vottur af gjóskulaginu H-1158 á svæðinu, sem hefði gefið nákvæmari aldursgreiningar. Samkvæmt útbreiðslukorti er lagið innan við 1 mm í Kelduhverfi og því vandfundið.

Helstu heimildir

- Árni Einarsson, Hafliði Hafliðason og Hlynur Óskarsson 1988: Mývatn: Saga lífríkis og gjóskutímatal í Syðriflóa, Náttúruverndarráð, fjölrit 17.
- Guðrún Larsen 1982: Gjóskulagatímatal Jökuldals og nágrennis. Í: Eldur er í norðri. Reykjavík, s. 51-65.
- Guðrún Larsen 1984: Recent volcanic history of the Veidivötn fissure swarm, Southern Iceland – an approach to volcanic risk assessment. *J Volcanol. Geotherm. Res.* 22: 33-58.
- Guðrún Larsen 1992: Gjóskulagið úr Heklugosinu 1158. Yfirlit og ágríp, Veggspjaldaráðstefna, Jarðfræðafélag Íslands, s. 25-27.
- Karl Grönvold, Níels Óskarsson, Sigfús S. Johnsen, Clausen, H. B., Hammer, C. U., Bond, G., Bard, E. 1995: Express Letters. Ash layers from Iceland in the Greenland GRIP ice core correlated with oceanic and land sediments. *Earth and Planetary Science Letters* 135: 149-155.
- Magnús Á. Sigurgeirsson 1998: Gjóskulagarannsóknir á Hofstöðum 1992-1997. *Archaeologia Islandica* 1: 110-118.
- Magnús Á. Sigurgeirsson 2001: Viðauki I í: Fornt jarðhús í Breiðuvík og fleiri minjar á Tjörnesi. Rannsókn vegna vegagerðar. Guðmundur Ólafsson (höf.). Rannsóknaskýrslur 2000:7. Þjóðminjasafn Íslands, s. 33-35.
- Magnús Á. Sigurgeirsson, Orri Vésteinsson og Hafliði Hafliðason 2002: Gjóskulagarannsóknir við Mývatn – aldursgreining elstu byggðar. Vorráðstefna 2002. Ágríp erinda og veggspjalda, Jarðfræðafélag Íslands, s. 36-37.
- Magnús Á. Sigurgeirsson 2003: Fornleifarannsókn við Þverá í Kelduhverfi, N-Þingeyjarsýslu. Gjóskulagagreining. Greinargerð 01/2003, unnin fyrir FSÍ.
- Sigurður Þórarinnsson 1968: Heklueldar. Sögufélag, Reykjavík, 185 s.